


HRINGVEGUR
Rangá hjá Flúðum
Kynning framkvæmda

Magnús Björnsson



Áætlanir og hönnunarkaup Akureyri
Desember 2007



Fyrirhugað framkvæmda-svæði

1

94

Flúðir

Rangá

Urriðavatn

Urriðavatn

Lagarfljót

929

Fellabær

93

Egilsstaðir

92

1

 VEGAGERÐIN	HRINGVEGUR	
	Rangá hjá Flúðum	
	YFIRLITSKORT	
Mælikvarði	Hannað	
	Teikn.	desember2007
	Yfirf.	
	Samþ.	

EFNISYFIRLIT

1	YFIRLIT	2
1.1	ALMENNT.....	2
1.2	MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR.....	2
1.3	MATSSKYLDA.....	2
1.4	AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR	2
1.5	LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSAÐILAR.....	2
1.6	LEYFISVEITENDUR	3
1.7	RANNSÓKNIR.....	3
2	STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI	4
2.1	STAÐHÆTTIR.....	4
2.2	NÚVERANDI BRÚ	4
3	FRAMKVÆMDALÝSING	5
3.1	BRÚ	5
3.2	FRAMHJÁHLAUP.....	5
3.3	EFNISÞÖRF	5
3.4	FRÁGANGUR.....	5
3.5	VINNUBÚÐIR	5
3.6	REKSTUR.....	5
4	UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR	6
4.1	ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM.....	6
4.1.1	Vegagerð	6
4.1.2	Efnistaka	6
5	ÁHRIF FRAMKVÆMDAR	7
5.1	LANDSLAG.....	7
5.2	LANDEIGENDUR OG LANDNOTKUN.....	7
5.3	VATN	7
5.4	GRÓÐURFAR OG DÝRALÍF	7
5.5	SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ.....	7
5.6	MENNINGARMINJAR	7
6	AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA	8
7	NIÐURSTAÐA	9
8	HEIMILDIR	10
9	TEIKNINGAR	10

1 YFIRLIT

1.1 ALMENNT

Vegagerðin fyrirhugar að byggja nýja brú á Hringvegi yfir Rangá hjá Flúðum, rúmlega 5 km norðan Fellabæjar. Ný brú verður 28 m löng og 9,5 m breið og vegur breikkaður á um 100 m kafla við báða brúarenda. Í tengslum við smíði brúarinnar verður gert tímabundið framhjálaup yfir Rangá, um 70 m ofan við núverandi brú. Núverandi brú verður rifin en ný brú kemur á sama stað. Neðan við núverandi brú er eldri brú frá 1913 sem er ónýt og verður hún einnig rifin. Gert er ráð fyrir að framkvæmdatími sé um 3 mánuðir og að framkvæmdum verði lokið í september 2008.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi ekki umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið en með henni mun umferðaröryggi aukast á þessum kafla.

1.2 MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR

Markmið framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi á Hringvegi norðan Fellabæjar og tryggja greiðari samgöngur. Hönnunarhraði verður 90 km/klst.

1.3 MATSSKYLDA

Ekki þarf að kanna matskyldu framkvæmdar. Framkvæmdum verður hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst og haft samráð við ýmsa aðila.

1.4 AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar, þar sem áhrifin eru tengd bættum og öruggari samgöngum er Austurland. Framkvæmdasvæðið sjálft, þ.e.a.s. það svæði sem fer beint undir vegagerð og efnistöku er á Fljótsdalshéraði.

Framkvæmdin afmarkast af efnistöku, byggingu brúar og lagfæringar á vegi við brúarenda. Einnig þarf að gera framhjálaup yfir Rangá á meðan framkvæmdum stendur. Rekstur mannvirkja og viðhald verður um fyrisjáanlega framtíð eftir að framkvæmd lýkur. Framkvæmdasvæði sést á teikningum 1-4.

1.5 LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSAÐILAR

Samráð verður haft við eftirtalda aðila og þeim send kynningargögn:

- **Landeigendur og ábúendur**, um framkvæmdir og framkvæmdatíma á svæðinu:
 - **Flúðir:** Anna Heiðlaug Bragadóttir, Flúðum, 701 Egilsstaðir.
 - **Urriðavatn:** Jón Steinar Benjamínsson, Urriðavatni, 701 Egilsstaðir
- **Sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs**, varðandi framkvæmdarleyfi
- **Landbúnaðarstofnun** vegna brúargerðar og framhjálaups í Rangá
- **Mílan** vegna símalagna sem liggja í núverandi brú

1.6 LEYFISVEITENDUR

Í samræmi við 27. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, þarf Vegagerðin að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir fyrirhugaðri framkvæmd til Fljótsdalshéraðs.

Væntanlegur verktaki þarf að sækja um leyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands (skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun).

Samkvæmt lögum um Lax- og silungaveiði nr. 61/2006 þarf vegagerðin að sækja um leyfi til Landbúnaðarstofnunar vegna framkvæmdanna.

1.7 RANNSÓKNIR

Vegagerðin hefur kannað árfarveg og undirstöður fyrir nýja brú. Veglínan hefur verið þversniðsmæld. Ekki er talin þörf á öðrum rannsóknum.



Mynd 1. Brúin yfir Rangá hjá Flúðum, horft í átt að Fellabæ

2 STADHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI

2.1 STADHÆTTIR

Fyrirhuguð framkvæmd er á Fljótsdalshéraði, rúmlega 5 km norðan við Fellabæ. Veglína helst óbreytt frá því sem nú er og ný brú kemur á sama stað og núverandi brú. Umhverfis veginn er mólendi sem er að mestu gróið.

Vatnasvið Rangár ofan við brúarstæði er 119 km². Hundrað ára flóð í Rangá er áætlað 170 m³/s.

2.2 NÚVERANDI BRÚ

Núverandi brú var byggð árið 1969. Hún er 30 m löng og 4 m breið steipt bitabrú með einum millistólpa í ánni. Búið er að setja upp viðvörunarljós við báða enda brúarinnar til að vara vegfarendur við einbreiðri brú.

Ársmásumferð Hringvegs á þessum kafla var 149 bílar á dag árið 2006. Framreiknuð umferð árið 2026, 20 árum seinna er 995 bílar á dag.



Mynd 2. Horft niður með Rangá að núverandi brú.

3 FRAMKVÆMDALÝSING

3.1 BRÚ

Ný brú verður byggð á sama stað og núverandi brú. Brúin verður 28 m löng steipt bitabré í einu hafi. Akbraut verður 8,5 m breið með 0,5 m breiðum bríkum beggja megin. Brúin verður því samtals 9,5 m breið, sjá teikningar 2 og 3. Einnig hefur verið skoðað hvort hægt sé að breikka núverandi brú en það var ekki talinn vænlegur kostur. Áætlað er að framkvæmdin taki um 3 mánuði og er áætlað að framkvæmdum verði lokið í september 2008.

3.2 FRAMHJÁHLAUP

Á meðan framkvæmdum við brúna stendur verður sett framhjáhlaup yfir Rangá. Framhjáhlaupið mun koma um 70 m ofan við brúarstæði og liggja inn á heimreið að Flúðum norðan við ána. Gert er ráð fyrir að sett verði þrjú ræsarör með 3 m þvermáli í ána. Gert er ráð fyrir að grafa ræsarörin að að hluta niður í botn Rangár. Hvert ræsi yrði á bilinu 18-24 m langt. Að framkvæmdum loknum verður framhjáhlaup fjarlæggt.

3.3 EFNISÞÖRF

Gert er ráð fyrir að rúmlega 300 m³ af steypu, um 5.500 kg af köplum og um 30.000 kg af járn fari í brúna. Áætluð efnisþörf í verkið er um 1.800 m³ vegna lægfæringa á vegi við brú. Að auki þarf um 2.200 m³ í gerð framhjáhlaups sem verður fjarlæggt að framkvæmdum loknum.

Verktaki mun sjá um að útvega efni í framkvæmdina. Efni þarf að uppfylla þau skilyrði sem sett verða í útboðsgögnum og má aðeins taka úr námum sem hafa öll tilskilin leyfi til rekstursins.

3.4 FRÁGANGUR

Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi vegkanta og fyllinga. Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi. Framhjáhlaup verður fjarlæggt að framkvæmdum loknum.

3.5 VINNUBÚÐIR

Ef verktaki setur upp vinnubúðir, þá verður það gert í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands, landeigendur og eftirlitsmann Vegagerðarinnar. Í útboðsgögnum verður farið fram á að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.

3.6 REKSTUR

Eftir að framkvæmdum lýkur tekur við rekstur mannvirkisins. Framkvæmdir sem tengjast rekstri eru m.a. viðhald og snjómokstur. Þá tengjast öryggi samgangna, umferð og mengun af hennar völdum rekstri fyrirhugaðs vegar.

4 UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR

4.1 ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM

Skilgreindir eru þeir umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og hvaða framkvæmdaþættir það eru sem valda þeim. Eftirfarandi eru þættir sem líklegir eru til að valda umhverfisáhrifum:

4.1.1 Vegagerð

Umhverfisáhrif vegagerðar fara eftir staðsetningu og hönnun vega, stærð vegsvæðis og frágangi.

Þegar endurbyggður er gamall vegur má búast við að áhrif framkvæmdarinnar séu minni en þegar um nýbyggingu er að ræða.

Vegaframkvæmd getur haft áhrif á gróin svæði, jarðmyndanir og mannvistarleifar. Uppbygging og rekstur vegar getur haft áhrif á dýralíf. Vegaframkvæmdir geta haft sjónræn áhrif og markað ný spor í landslagið.

Umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma hefur líklega áhrif á hávaða, útblástursmengun, hættu á mengunarslysum og rykmengun.

Nýr vegur og brú eru hönnuð til að auka umferðaröryggi vegfarenda og bæta samgöngur. Bættar samgöngur kunna að hafa margvísleg áhrif, t.d. á byggð á svæðinu, ferðaþjónustu/útivist og opinbera þjónustu. Loks má gera ráð fyrir að fyrirhuguð vegalagning hafi áhrif á hagræna þætti og fara þau eftir arðsemi framkvæmda. Þá hafa breyttar samgöngur áhrif á útblástur mengandi efna frá umferð.

4.1.2 Efnistaka

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð staðsetningu, efnispörf framkvæmdarinnar og frágangi námunnar að efnistöku lokinni. Efnistökuastaðir og efnispörfin ráðast af staðsetningu vegarins.

Við lagningu vega og gerð brúa þarf efni í steypu, klæðingu, burðarlög og fyllingar. Efnistaka getur haft áhrif á gróður, dýralíf, mannvistarleifar eða jarðmyndanir. Þá breytir efnistaka landslagi.

5 ÁHRIF FRAMKVÆMDAR

5.1 LANDSLAG

Ný brú kemur á sama stað og núverandi brú og helst veglína því óbreytt. Framhjálaup mun liggja yfir gróið mólendi og inn á heimreið að Flúðum.

Áhrif á landslag

Framkvæmdin mun hafa hverfandi áhrif á landslag þar sem veglína og brúarstæði helst óbreytt og framhjálaup verður fjarlæggt að framkvæmdum loknum.

5.2 LANDEIGENDUR OG LANDNOTKUN

Framkvæmdin er í landi Flúða og Urriðavatns.

Áhrif á landnotkun

Vegfarendur munu verða varir við framkvæmdina þar sem umferð fer um framhjálaup á meðan á framkvæmdum stendur. Búast má við einhverjum töfum og óþægindum vegna þessa. Vegurinn mun ekki hafa áhrif á landnotkun.

5.3 VATN

Rask verður í farvegi Rangár á meðan á framkvæmdum stendur. Eitthvað umrót fylgir brúargerð og botn raskast þar sem framhjálaup verður sett. Eins mun farvegur árinna þrengjast tímabundið þar sem hún mun renna um ræsi í gegn um framhjálaupið.

Áhrif á vatn

Framhjálaupið verður fjarlæggt að framkvæmdum loknum og mun þrenging árinna því aðeins vera tímabundin.

5.4 GRÓÐURFAR OG DÝRALÍF

Framkvæmdasvæðið liggur um gróið mólendi. Veglína og brúarstæði helst óbreytt. Norðan við heimreið að Flúðum eru tún. Einhver urriðaveiði er í Rangá. Ekki hefur verið kannað hvort sérstæðan gróður eða fugla er að finna á framkvæmdasvæði eða í nágrenni þess.

Áhrif á gróðurfar og dýralíf

Gróðurlendi mun skerðast lítillega þar sem framhjálaup kemur en þar sem það verður fjarlæggt að framkvæmdum loknum verða áhrif óveruleg.

Framkvæmdin mun hafa áhrif á afmörkuð svæði á botni Rangár og trufla rennsli lítillega. Hvoru tveggja eru tímabundin áhrif og er talið að botn árinna muni jafna sig á tiltölulega stuttum tíma. Reiknað er með að áhrif á dýralíf verði óveruleg.

5.5 SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ

Framkvæmdin er ekki á eða við svæði á Náttúruminjaskrá

5.6 MENNINGARMINJAR

Engar friðlýstar fornleifar eða sjáanlegar fornleifar eru í vegsvæðinu eða nágrenni þess.

Í útboðsgögnum verður lögð áhersla á að raska ekki landi utan framkvæmdasvæðisins.

Áhrif á fornminjar

Reiknað er með að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á fornleifar. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar í vegstæðinu á framkvæmdatíma, sbr. 13. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2000, mun Vegagerðin hafa samráð við Minjavörð Austurlands um aðgerðir.

6 AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA

- Gera þarf framhjálaup yfir Rangá ofan við núverandi brú á meðan á framkvæmdum stendur.
- Núverandi brú verður rifin og ný brú byggð á sama stað. Eins verður eldri brú sem er neðan við núverandi brú rifin.
- Vegagerðin mun stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki og að hún takmarkist fyrst og fremst við vegarstæðið sjálft og framhjálaup yfir Rangá. Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við vegsvæði og skeringasvæði. Verður m.a. allur akstur tækja bannaður utan framkvæmdasvæðis á verktíma nema að námu.
- Í útboðsgögnum verður farið fram á að verktaki fari að öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúíðr gilda.
- Gerðar verða kröfur um að vinnuvélar séu í góðu ástandi og ekki sé olíuleki eða olíusmit frá þeim.
- Ef verktaki þarfnast geymslusvæðis fyrir vinnuvélar, utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, skal hann semja um það við landeigendur.
- Verktaki mun sjá um að útvega efni í framkvæmdina. Efni má aðeins taka úr námum sem hafa tilskilin rekstrarleyfi.
- Framhjálaup verður fjarlægt að framkvæmdum loknum.

7 NIÐURSTAÐA


- Byggð verður ný 28 metra brú yfir Rangá hjá Flúðum .
- Efnistaka verður í höndum verktaka.
- Sett verður framhjálaup yfir Rangá á meðan á framkvæmdum stendur.
- Hætta á mengunarslysum næst framkvæmdasvæðinu eykst á framkvæmdatíma en að loknum framkvæmdum verður hættan minni en í dag vegna öruggari vegar.
- Gæta þarf að leka frá tækjum á framkvæmdatíma.
- Jákvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru töluverð. Þau felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi þar sem einbreiðar brú er fjarlægð.
- Reiknað er með að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar verði óveruleg.

8 HEIMILDIR

1. Námur, efnistaka og frágangur, 2002: Hafrannsóknarstofnun, Landsvirkjun, Iðnaðarráðuneytið, Umhverfissráðuneytið, Vegagerðin, Veiðimálastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Náttúruvernd ríkisins, Veiðimálastjóraembættið, Siglingastofnun og Landgræðsla ríkisins. Reykjavík, 75 bls.
2. Náttúruminjaskrá, nóvember 2007: Heimasíða Umhverfisstofnunar, www.ust.is/natturuvernd/natturuminjaskra.
3. Aðalskipulag Austur-Héraðs 2002-2017


9 TEIKNINGAR

- | | |
|---------------------------------|--------------|
| Teikning 1. Vegagerðin, (2007): | Yfirlitskort |
| Teikning 2. Vegagerðin, (2007): | Afstöðumynd |
| Teikning 3. Vegagerðin, (2007): | Yfirlitsmynd |
| Teikning 4. Vegagerðin, (2007): | Framhjállaup |




VEGAGERÐIN			Rangá hjá Flúðum FB		1-11
Mælikv:	Hannað	11-2006 GÞG	Hringvegur	Norður-Múlasýsla	A-2455
	Teiknað	11-2006 GÞG	L= 28,0 m	B= 9,5 m	Vp. 0,8EN
	Yfirfarið	mm-200x ??	Afstöðumynd		B3-
	Samþykkt	dd.mm.200x ??			Blað 1


HLÍÐARMYND 1:100



GRUNNMYND 1:100



SNIÐ VIÐ NYRÐRILANDSTÖPUL 1:100



**SMEKKUN AF FRUMMYND
MÆLIKVARÐI EKKI RÉTTUR**

Skýringar:

Öll ónefnd mál eru í mm

Breyting		VEGAGERÐIN			Rangá hjá Flúðum FB		1-t1
Merki	Lýsing	Dags./Gert af					
	Mælikv: 1:100	Hannað nóvember 2006 GpG	Hringvegur		Norður-Múlasýsla		A-2455
	Yfirfarið	Teiknað október 2007 GpG	L= 28,0 m B= 9,5 m		Vp. 0,8EN		B1-
	Samþykkt	mm-200x ?? dd.mm.200x ??	Yfirlitsmynd				Blað 2



H1:	710438.565,543953.383
H2:	710421.600,543968.855
H3:	710378.471,543984.439
H4:	710361.506,543999.911
H5:	710345.985,544032.993
H6:	710343.357,544049.298
H7:	710348.388,544091.364
H8:	710349.948,544097.958
H9:	710354.771,544111.365
H10:	710353.702,544134.264

Rangá hjá Flúðum